

Skrifstofa forstjóra



19. nóvember 2015

EBS-411-01

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur

Útgáfudagur: 19.11.2015

Umsjón og ábyrgð: Guðrún Erla Jónsdóttir

Skýrsla nr. 2015-OR-024	Útgáfudagur 19.11.2015	Útgáfustaður Orkuveita Reykjavíkur
Heiti skýrslu Framfylgd eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur		
Upplag PDF	Fjöldi síðna 16	Dreifing Opinber birting
Höfundur Guðrún Erla Jónsdóttir		Verknúmer
Unnið fyrir Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur		Samvinnuaðilar
<p>Útdráttur</p> <p>Í sameignarsamningi um Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að á reglulegum eigendafundi í nóvember ár hvert skuli gefa eigendum fyrirtækisins skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Í þessari skýrslu er dregnar fram helstu áherslur í eigendastefnu og framfylgd þeirra.</p>		
Efnisorð Eigendastefna, sameignarsamningur, stefnumótun		Yfirlit

Efnisyfirlit

1.	MARKMIÐ.....	6
2.	SAMEIGNARSAMNINGUR OG EIGENDASTEFNA.....	6
3.	HLUTVERK OG ÁBYRGÐ	7
	3.1 STJÓRN MÓÐURFÉLAGS	7
	3.2 FORSTJÓRI.....	7
	3.3 DÓTTURFÉLÖG Í SAMSTÆÐU	8
	3.4 STJÓRNHETTIR	8
	3.5 FRAMFYLGD EIGENDASTEFNU	10
4.	STEFNUMÓTUN.....	10
	4.1 STEFNUR Í SAMSTÆÐU ORKUVEITU REYKJAVÍKUR	11
	4.2 ÁHERSLUR EIGENDA	13
5.	SAMSKIPTI OG UPPLÝSINGAGJÖF.....	14
6.	ÁKVARÐANIR SEM HLJÓTA SKULU SAMPYKKI EIGENDA	15
7.	SAMANTEKT	15

Myndir

Mynd 1. Skjalakeðja samstæðu OR	6
Mynd 2. Umboðskeðja samstæðu OR	7
Mynd 3. Skipan stjórna dótturfélaga í samstæðu OR	8
Mynd 4. Umfjöllun stjórnar móðurfélags um stefnumótun dótturfélaga til að tryggja samræmi við heildarstefnu OR	9
Mynd 5. Samantekið yfirlit yfir stefnur í samstæðu OR og ábendingar	12

1. Markmið


Í sameignarsamningi um Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að á reglulegum eigendafundi í nóvember ár hvert skuli gefa eigendum fyrirtækisins skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Tilgangur þessarar skýrslu er að draga saman helstu áherslur í eigendastefnu og framfylgd þeirra.

2. Sameignarsamningur og eigendastefna

Sameignarsamningur Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er gerður á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögin setja fyrirtækinu ramma sem það starfar innan og þar er skilyrt að eigendur fyrirtækisins geri með sér sameignarsamning.

Í sameignarsamningi OR frá árinu 2014, kemur fram að eigendur skuli marka fyrirtækinu og dótturfélögum þess stefnu um tilgang og markmið rekstursins, rekstrarform, starfshætti og arðgreiðslur. Er það og gert í eigendastefnu OR frá sama ári, sem er samstarfssáttmáli eigenda. Með eigendastefnunni er leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigenda og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun. Þannig á eigendastefnan að tryggja „lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins.“ Skjalakeðju samstæðu OR og samhengi er lýst á mynd 1.

Til samræmis við áherslu á gagnsæi í starfsemi OR skal eigendastefnan vera almenningi og fjölmiðlum aðgengileg, meðal annars á heimasíðu fyrirtækisins, sem hún og er.



Mynd 1. Skjalakeðja samstæðu OR


3. Hlutverk og ábyrgð

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að „Með skýrri stefnumörkun eigenda, vel skilgreindu hlutverki fyrirtækis, skýru umboði handhafa eigendavalds, stjórnar og forstjóra, lýsingu á kröfum um stjórnunarhætti, ásamt öflugu eftirlitskerfi skapast fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga forsendur til að annast tiltekna starfsemi í þágu almennings.“ Umboðskeðju samstæðu OR má sjá á mynd 2.

3.1 Stjórn móðurfélags

Stjórn móðurfélags Orkuveitu Reykjavíkur (OR) fer með málefni fyrirtækisins milli eigendafunda. Stjórn starfar í umboði eigenda sem hafa treyst henni til að framfylgja stefnu sinni. Stjórnin á að hafa eftirlit með að stefna OR, skipulag fyrirtækisins og rekstur þess sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við stefnu eigenda.

Stjórn OR er í sameignarsamningi og eigendastefnu falið það verkefni að setja fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnuna og skilgreina í henni mælikvarða í rekstri fyrirtækisins. Stefnumörkun fyrir OR skal enn fremur endurspeglast í samþykktum og stefnumörkun dótturfélaga.




Mynd 2. Umboðskeðja samstæðu OR

3.2 Forstjóri

Stjórn ræður forstjóra sem er trúnaðarmaður hennar. Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Hann skipuleggur starfsemi fyrirtækisins og tryggir að það starfi í samræmi við tilgang þess. Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á hinum daglega rekstri. Forstjóri skal sitja stjórnarfundi og er handhafi eigendavalds í dótturfélögum, eins og kveðið er á um í sameignarsamningi Orkuveitu Reykjavíkur.

3.3 Dótturfélög í samstæðu

Í sameignarsamningi og eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er tekið fram að stefnumörkun og samþykktir dótturfélaga skuli samræmast stefnumörkun móðurfélags. Stjórnarmenn móðurfélags OR skulu ekki sitja í stjórn dótturfélaga en hafa eftirlit með skipan stjórna þeirra. Forstjóri gerir tillögu að skipan stjórna dótturfélaga á grundvelli samþykktra þeirra þar sem fram koma kröfur um almennt hæfi, kynjahlutföll og samval þekkingar í hverri stjórn. Stjórn móðurfélags tekur til umfjöllunar tillögu forstjóra að skipan stjórna dótturfélaga áður en kosið er í stjórn á aðalfundi, samanber mynd 3.




Mynd 3. Skipan stjórna dótturfélaga í samstæðu OR

Til að tryggja að stefnumörkun dótturfélaga sé í samræmi við stefnumörkun móðurfélags og eigenda er í samþykktum dótturfélaga skilyrt að meirihluti aðalmanna sé úr hópi stjórnenda OR. Mikilvægur þáttur í áhættustjórnun hjá OR er að stjórnir dótturfélaga sinni eftirlitshlutverki sínu gaumgæfilega. Forstjóri og lykilstjórnendur móðurfélags eiga sæti í stjórnnum dótturfélaga og það fyrirkomulag tryggir rekstrarlega yfirsýn og samfellu í stefnum, stjórnun og rekstri samstæðunnar.

3.4 Stjórnhættir

Stjórnir móðurfélags Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfélaga starfa allar til samræmis við siðareglur og starfsreglur stjórna. Til að stjórn móðurfélags geti haft eftirlit með að stefna móðurfélags og eigenda endurspeglar í stefnu dótturfélaga þarf hún upplýsingar frá stjórnnum dótturfélaganna. Stefnumörkun í dótturfélögum fær umræðu stjórnar móðurfélags (sjá mynd 4) til að tryggja samræmi við heildarstefnu samstæðunnar og stefnu eigenda, enda er það hlutverk stjórnarinnar að sameina hagsmuni fyrirtækis, haghafa og samstæðu út frá lögum,

sameignarsamningi og eigendastefnu, útfæra stefnu og meginviðmið til samræmis og veita stjórnendum fyrirtækisins stuðning og aðhald.



Mynd 4. Umfjöllun stjórnar móðurfélags um stefnumótun dótturfélaga til að tryggja samræmi við heildarstefnu OR

OR starfar til samræmis við samþætt gæðakerfi sem nær til allrar samstæðunnar. Óháðir vottunaraðilar gera reglulega úttekt á því að starfsemi OR og dótturfélaga sé í samræmi við staðla. Í úttektunum er staðfest að starfsemin sé í því horfi sem staðlarnir segja til um.

Í leiðarljósum eigendastefnu OR er tiltekið að fyrirtækið skuli rækja samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Gerð hefur verið frumathugun á stöðu fyrirtækisins að þessu leyti. Gerð var úttekt á skýrslugjöf OR til samræmis við viðmið GRI (Global Reporting Initiative) þar sem markmiðið er að miðla upplýsingum tengdum samfélagslegri ábyrgð á gagnsæjan hátt. Úttektin sýndi fram á að stærstur hluti upplýsinga er fyrirbyggjandi hjá OR en þær eru ekki allar birtar í ársskýrslu fyrirtækisins. Ákveðið hefur verið leggja viðmið GRI til grundvallar ársskýrslu 2015 og að OR gerist aðili að Festu, miðstöð samfélagsábyrgðar. Hægt er að nota leiðbeinandi viðmið um samfélagslega ábyrgð og bera OR saman við önnur fyrirtæki á grundvelli viðmiða, eins og GRI staðall um skýrslugjöf byggir á. Samfélagsleg ábyrgð í rekstri OR er vegferð til framtíðar.

Hlutverk innri endurskoðunar, sem heyrir undir stjórn OR, er að staðfesta að stjórnhættir, áhættustýring og eftirlit fyrirtækisins sé hagkvæmt og skilvirkt. Innri endurskoðun fylgir alþjóðlegum staðli um innri endurskoðun, sem óháður aðili staðfestir að sé uppfylltur.

Stjórn móðurfélags OR hefur jafnframt unnið að því að styrkja ýmsa innviði stjórnarstarfsins, einkum þá er lúta að stefnumótun og áætlanagerð. Það hefur meðal annars verið gert með því að skilgreina ábyrgðaraðila innan OR gagnvart verkefnum í stefnumótun. Með því er ætlunin að tryggja framgang mála, enda stefnumótun og eftirfylgni í samstæðunni viðamikil verkefni. Þetta felur í sér undirbúning umræðna í stjórn um stefnumörkun og áætlanagerð og tengingu við

dótturfélögin til að tryggja samræmi í stefnumörkun. Þetta verkefni felur jafnframt í sér eftirlit með því að unnið sé að stefnumótun í allri samstæðunni í samræmi við eigendastefnu og gildandi markmið og mælikvarða.

3.5 Framfylgd eigendastefnu

Áherslur eigenda Orkuveitu Reykjavíkur (OR) koma fram í eigendastefnu eins og að framan greinir. Að auki lagði aðaleigandi OR, Reykjavíkurborg, fram á eigendafundi OR í nóvember 2014 samþykkt borgarráðs um áherslur sem það vill sjá í starfi OR. Áherslurnar eru í fullu samræmi við eigendastefnu fyrirtækisins. Þessar áherslur eru í reynd leiðbeiningar til fyllingar eigendastefnu og hefur stjórn OR nýtt þær þannig. Á liðnu starfsári hafa verið á dagskrá stjórnar OR ýmis mál til framfylgdar eigendastefnu. Má þar nefna umfjöllun um mál sem send voru eigendum til samræmis við kröfur eigendastefnu er lúta að ákvörðunum sem skuli hljóta samþykki þeirra. Þá hefur stjórn fjallað um samfélagslega ábyrgð í rekstri OR til samræmis við leiðarljós eigendastefnu. Stjórn hefur farið yfir úttekt á stöðu stefnuskjala og samræmi þeirra við eigendastefnu. Einnig hefur stjórn OR unnið stefnumótunavinnu og eftirfylgni við gildandi stefnur í samstæðunni. Stjórn hefur tekið til umfjöllunar stefnumótun dótturfélaga og fleira.

Upptalning á verkefnum stjórnar OR verður seint tæmandi en stjórnin setur sér árlega starfsáætlun til samræmis við sameignarsamning. Tilgangur hennar er að sjá til þess að stjórn sinni hlutverki sínu með því að dreifa verkefnum niður á stjórnarfundi. Starfsáætlun gerir ráð fyrir öllum þeim verkefnum sem stjórn eru falin samkvæmt sameignarsamningi og eigendastefnu. Þannig er tryggð framfylgd eigendastefnu og stöðug árvekni, ábyrgð og yfirsýn stjórnar í rekstri fyrirtækisins.

4. Stefnumótun

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) kveða eigendur á um að stjórn skuli leggja fram tillögu að stefnumörkun og framtíðarsýn fyrirtækisins með útfærslu á mælikvörðum og greinargerð fyrir eigendafund til staðfestingar. Tillagan skal taka til heildarstefnumörkunar og stefnumótunar varðandi:

- Arðsstefnu
- Áhættustefnu
- Umhverfis- og auðlindastefnu

- Gæðastefnu
- Stefnu varðandi öryggis-, heilbrigðis- og vinnuvernd
- Innkaupastefnu
- Upplýsingaöryggisstefnu
- Upplýsingatæknistefnu
- Starfsmannastefnu
- Starfskjarastefnu
- Jafnréttisstefnu
- Siðareglur

Stefnumörkun dótturfélaga á að samræmast gildandi stefnu á hverjum tíma í framangreindum málum. Við undirbúning stefnumótunar skal að auki líta til áherslna eigenda varðandi fjárhagsleg markmið og arðsemi, áhættu, umhverfi og auðlindanýtingu og starfskjör.

Með það að markmiði að kanna framfylgd eigendastefnu voru allar stefnur í samstæðu OR yfirfarnar. Í þeirri yfirferð var einkum litið til þess hvað væri búið að gera, hvað ætti eftir að gera og hvort stefnur málaflokka samræmdust heildarstefnu móðurfélags OR.

4.1 Stefnur í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur

Fyrirliggjandi eru stefnur í nær öllum þeim málaflokkum sem tilteknir eru í eigendastefnunni. Á mynd 5 má sjá samantekið yfirlit yfir stefnur í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur með ábendingum. Í kjölfarið kemur stutt umfjöllun um þær ábendingar sem gerðar voru.



Mynd 5. Samantekið yfirlit yfir stefnur samstæðu OR og ábendingar

Heildarstefna Orkuveitu Reykjavíkur var staðfest á árinu 2013 og gildandi sameignarsamningur og eigendastefna árið 2014. Í heildarstefnu er kjarnastarfsemi samhljóma eigendastefnunni um tilgang og hlutverk að því undanskildu að í heildarstefnunni fellur það undir tilganginn að OR skili eigendum arði af því fé sem þeir eiga í fyrirtækinu. Vinna við endurmat heildarstefnu stendur nú yfir sem felur í sér nokkrar minniháttar breytingar sem endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa frá síðustu endurskoðun heildarstefnu.

Stefnan felur það í sér að móðurfélagið skuli reka sameiginlega starfsemi þróunar, fjármála og þjónustu sem veitir öllum dótturfélögum þjónustu eftir því sem ákveðið er í hverju tilviki. Samnýtingu dótturfélaga á stoðsviðum móðurfélags fylgir rekstrarlegt hagræði. Þessi þjónustusvið falla öll undir heildarstefnu móðurfélagsins en þau munu skilgreina stefnu og markmið um það hvernig þau uppfylla hlutverk sitt innan samstæðunnar í samræmi við þarfir viðkomandi dótturfélaga og heildarstefnu OR. Unnið hefur verið að stefnumótun fyrir þróunarsvið og sömuleiðis fyrir svið þjónustu og fjármála sem gert er ráð fyrir að ljúki í þessum mánuði.

Stefnur dótturfélaga; Orku náttúrunnar, Gagnaveitu Reykjavíkur og Veitna, liggja fyrir í öllum aðalatriðum og samræmast vel heildarstefnu móðurfélagsins. Þær bera

vott um heiðarlega, framsýna og hagsýna hugsun og góð samsvörun er varðandi heildarstefnu og framtíðarsýn OR. Félögin starfa öll út frá sameiginlegum gildum OR. Nýleg könnun á innleiðingu gilda leiddi í ljós að þau hafa náð góðri fótfestu í starfsemi allra dótturfélaga og sviða samstæðunnar.

Arðsstefna fyrir Orkuveitu Reykjavíkur er ekki fullmótuð. Í eigendastefnu OR ríkir nokkur óvissa um hugtök að því er varðar stefnumótun um fjárhagsleg markmið samstæðunnar. Stjórn hefur samþykkt arðgreiðsluskilyrði sem bíða samþykktar eigenda.

Jafnréttisstefna Orkuveitu Reykjavíkur er í reynd kynjajafnréttisstefna eins og hún er í dag. Til stendur að endurskoða jafnréttisstefnuna og útvíkka þannig að hún taki á jafnrétti á breiðari grunni þannig að unnið sé að því að tryggja jafnrétti allra einstaklinga. Endurskoðun jafnréttisstefnu er hafin.

Samræma þarf stefnur hjá Gagnaveitu Reykjavíkur og er sú vinna hafin. Innan Gagnaveitu Reykjavíkur er að auki sérstök **samskiptastefna** sem ástæða þykir til að athuga nánar með tilliti til þess hvort taka eigi upp sambærilega stefnu innan samstæðunnar í heild.

Orka náttúrunnar hefur mótað svokallaða **samkeppnisréttarstefnu** sem er mikilvæg í ljósi þess að fyrirtækið starfar á samkeppnismarkaði. Stefnumótun að þessu leyti er ekki aðeins nauðsynleg fyrir starfsemi Orku náttúrunnar, heldur færir hún einnig þekkingu á samkeppnislögum inn í móðurfélagið.

4.2 Áherslur eigenda

Í tengslum við arðsstefnu hefur verið minnst á áherslur eigenda á **fjárhagsleg markmið**. Áherslur eigenda er snúa að **áhættu í rekstri** koma allar fram í áhættustefnu félagsins sem er í reynd fjárstýringar- og áhættustefna. Áhættuskýrsla er lögð fram og kynnt stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) mánaðarlega. Þá koma áherslur eigenda á **umhverfi og auðlindanýtingu** fram í umhverfis- og auðlindastefnu OR. Mánaðarlega er gert minnisblað um stöðu umhverfismála, sem kynnt er stjórn. Hinsvegar er ekki reiknað árlega og gert opinbert mat á **verðmæti auðlinda**, eftir gerð þeirra, hvort sem þær eru í eigu fyrirtækisins eða annarra.

Fyrirtækin í samstæðu OR nýta mikið af auðlindum, sem eru í eigu fyrirtækisins, einstaklinga, sveitarfélaga og ríkisins (á ríkisjörðum og þjóðlendum). Er þar um að ræða jarðhita, kalt vatn, viðtaka fráveitu o.s.frv.

Orkuveita Reykjavíkur hefur ekki talið sér fært að reikna verðgildi þeirra náttúrugæða sem fyrirtækið nýtir á meðan ekki liggja fyrir samningar eða annars konar stefnumörkun af hálfu ríkisins um það hvernig gjaldtöku af þess hálfu verður háttáð.

Hvað varðar áherslur eigenda sem snúa að **starfskjörum** koma þær allar fram í starfskjarastefnu. Eftirfylgni með því að laun stjórnenda standist samanburð við sambærileg störf, að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila, er í höndum starfskjaranefndar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur en auk þess er OR þátttakandi í launagreiningu hjá PwC og Intellecta þar sem launakjör starfsmanna og stjórnenda eru borin saman við sambærilega hópa á vinnumarkaði. Niðurstöðurnar eru kynntar starfskjaranefnd og stjórn OR reglulega, eða þegar óskað er eftir því. Þetta er og gert til að tryggja að launakjör stjórnenda og annars starfslíðs séu ekki leiðandi á vinnumarkaði, samanber áherslur eigenda. Niðurstöður greininga sýna fram á að starfskjör eru til samræmis við stefnu eigenda.

5. Samskipti og upplýsingagjöf

Í því skyni að gera stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) kleift að sinna skyldum sínum í þágu fyrirtækisins og innan markaðrar stefnu eigenda skulu samskipti milli eigenda og fyrirtækisins vera eftir formlegum leiðum og leitast við að beina þeim í farveg aðalfunda og reglubundinna eigendafunda. Til samræmis við eigendastefnuna eru haldnir reglulegir eigendafundir; aðalfundur að vori og reglulegur eigendafundur í nóvember, þar sem fjárhagsáætlun og langtímaáætlanir OR eru lagðar fram, samanber ákvæði í sameignarsamningi.

Upplýsingaskylda er uppfyllt með því að senda eigendum fundargerðir stjórnar, strax að lokinni samþykkt þeirra. Auk þess eru eigendur upplýstir um mikilvæg málefni í rekstri fyrirtækisins á óreglulegum upplýsingafundum.

Eigendur gera þá kröfu að OR sé til fyrirmyndar um upplýsingagjöf til almennings og er bætt skýrslugjöf með hliðsjón af GRI staðli talin falla vel að þeirri skyldu. Einnig er rík krafa um upplýsingaskyldu OR gagnvart eigendum. Þá getur einnig komið til þess að umfjöllun og ákvarðanir komi til kasta eigenda, eins og nánar er fjallað um hér á eftir.

6. Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda

Samkvæmt eigendastefnu skal stjórn vísa ákvörðunum um eftirfarandi málefni til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur:

- Nýjar skuldbindingar: Fari fjárhæð einstakra nýrra skuldbindinga Orkuveitu Reykjavíkur yfir 5% af bókfærðu eigin fé samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi skal viðkomandi skuldbinding lögð fyrir eigendur til samþykktar áður en til hennar er stofnað.
- Óvenjulegar og stefnumarkandi ákvarðanir ásamt áhættumati til að gera eigendum kleift að meta þær í samræmi við hlutverk sitt sem ábyrgðaraðila.
- Áform um virkjanir eða aðra nýtingu auðlinda á óröskuðum svæðum, sem og þær framkvæmdir, sem krefjast mats á umhverfisáhrifum, hvort sem svæðin eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur eða annarra, teljast til veigamikilla og stefnumarkandi ákvarðana og skulu því koma til kasta eigenda.

Að því er varðar fyrsta atriði þessara ákvæða eru viðmið skýr. Stjórn OR hefur jafnframt rætt hvernig skilgreina skuli áform um virkjanir, sem getið er um í þriðja lið hér að ofan. Hins vegar er, eðli málsins samkvæmt, meiri óvissa um hvað teljist „óvenjulegar og stefnumarkandi ákvarðanir“. Um slíkar ákvarðanir fjallar stjórn samstæðunnar sérstaklega og metur í hverju tilviki hvort þær séu með þeim hætti að þær þarfnist formlegs eigendasamþykkis. Í ljósi reynslunnar skapast fordæmi sem eru leiðbeinandi um framkvæmdina. Stjórn mun jafnframt fjalla um öll mál er falla undir samskonar ákvæði í stefnum og starfsháttum dótturfélaga.

7. Samantekt

Sameignarsamningur um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) kveður á um að eigendur skuli gera með sér samstarfssáttmála þar sem skilgreindar eru stefnumarkandi áherslur fyrir starfsemi OR. Eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur hefur að geyma áherslur eigenda og skilgreiningar á hlutverkum og ábyrgð til að áherslur nái fram að ganga. Stjórn móðurfélags OR starfar í umboði eigenda og ber ábyrgð á framfylgd eigendastefnu. Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar. Stefnumörkun dótturfélaga í samstæðu OR skal samræmast heildarstefnu móðurfélags og er séð til þess með því að forstjóri kynnir tillögu að skipan stjórna þeirra, fyrir stjórn móðurfélags áður en tillagan er lögð fyrir aðalfund. Með þessu fyrirkomulagi er

tryggð rekstrarleg yfirsýn og samfella í stefnum, stjórnun og rekstri samstæðunnar. Stjórnir í samstæðu OR starfa allar til samræmis við siðareglur og starfsreglur.

OR starfar til samræmis við samþætt gæðakerfi sem nær til allrar samstæðunnar. Í úttektum óháðs ytri aðila er staðfest að starfsemin sé í því horfi sem staðlarnir segja til um. Þá hefur innri endurskoðun, sem heyrir undir stjórn OR, það hlutverk að staðfesta að stjórnhættir, áhættustýring og eftirlit fyrirtækisins sé hagkvæmt og skilvirkt. Fylgt er alþjóðlegum staðli, sem óháður aðili staðfestir að sé uppfylltur. Þá hefur stjórn OR styrkt innviði stjórnarstarfs síns með því að skilgreina ábyrgðaraðila innan OR til að halda utan um verkefni stefnumótunar og til að tryggja samræmi í stefnumörkun.

Stefnur eru fyrirbyggjandi í nær öllum þeim málaflokkum sem tilteknir eru í eigendastefnu og þær fylgja þeim leiðarljósum sem eigendur hafa sett fyrirtækinu. Þó er svokölluð arðsstefna fyrir Orkuveitu Reykjavíkur ekki fullmótuð. Stjórn hefur hefur samþykkt skilyrði til arðgreiðslna sem bíða samþykktar eigenda. Að því er varðar önnur atriði stefnumótunar hefur verið ákveðið að endurskoða heildarstefnu OR og jafnréttisstefnu og einnig er stefnt að því að fylgt verði leiðbeinandi viðmiðum um samfélagslega ábyrgð. Er það og til samræmis við áherslu eigenda um að vera til fyrirmyndar í upplýsingagjöf til almennings.